



Fréttatilkynning frá
skrifstofu forseta Íslands

VIRKJUM ELDHNÖTTINN Í IÐRUM JARÐAR
SAMVINNA ÍSLENSKRA OG BANDARÍSKRA VÍSINDAMANNA
FYRIRLESTUR VIÐ HARVARD HÁSKÓLA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í gær fyrirlestur í boði Harvard háskóla og var hann upphafið á nýrri fyrirlestraröð háskólans sem helguð er framtíð orkumála – The Future of Energy. Fyrirlestur forseta bar heitið *Virkjum eldhnöttinn í iðrum jarðar*.

Í fyrirlestrinum lagði forseti ríka áherslu á nauðsyn víðtækrar samvinnu milli íslenskra vísindamanna og sérfræðinga og bandarískra háskóla og rannsóknarstofnana. Slík samvinna gæti lagt grundvöll að stórfelldum nýjum áföngum í nýtingu jarðvarma víða um heim. Tækninýjungar og verkfræðileg kunnátta væru forsendur framfara á þessu sviði og vísindasamfélagið þyrfti að vera þar í fararbroddi. Með samvinnu við fremstu háskóla Bandaríkjanna gætu Íslendingar náð enn meiri árangri.

Í þessu sambandi nefndi forseti sérstaklega nýlegar ákvarðanir um tilraunir með djúpboranir og hvernig hægt er að styrkja lághitasvæði svo að þau megi nýta við framleiðslu á rafmagni sem og leit að jarðhita á hafsbotninum og beitingu þeirrar tækni sem fengist hefur við olíuboranir úti fyrir ströndum ýmissa landa í þágu nýtingar jarðhita undir hafsbotni.

Reynsla Íslendinga á undanförunum árum sýndi að vísindalegar framfarir og tækninýjungar hafa verið helsta hreyfiaflið í aukinni nýtingu jarðhita meðal annars til raforkuframleiðslu. Ef bandarískir háskólar og rannsóknarstofnanir kæmu á öflugan hátt til liðs á þessu sviði með fulltingi bandaríska þingsins og stjórnvalda væri hægt að stórauka jarðhitanýtingu tuga landa í öllum heimshlutum. Rakti forseti m.a. möguleika á aukinni nýtingu jarðvarma víða í Bandaríkjunum.

Í fyrirlestrinum lýsti forseti þróuninni á Íslandi á undanförunum áratugum, verkefnum sem Íslendingar hafa beitt sér fyrir víða um heim og hvernig aukin nýting hreinnar orku er lykilþáttur í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Á undan fyrirlestrinum átti forseti ítarlegan fund með prófessorum og forystumönnum úr allmörgum deildum Harvard háskóla þar sem rætt var um hvernig aukin samvinna á þessu sviði milli Harvard og íslenskra menntastofnana og vísindamanna gæti skilað umtalsverðum árangri á næstu árum.

Að loknum fyrirlestrinum svaraði forseti fjölmörgum fyrirspurnum frá stúdentum og kennurum sem sóttu fyrirlesturinn. Fyrr um daginn átti forseti einnig sérstakan viðræðufund með stúdentum úr ýmsum deildum þar sem einkum var rætt um samspil loftslagsbreytinga og orkustefnu á nýrri öld.

26. september 2007

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).